

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1039  
komudagur 5.3.2009



Nefndarsvið Alþingis

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd

150 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2009


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 258. mál, EES-reglur**

Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) vísa til beiðnar um umsögn um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 258. mál, EES-reglur, breyting ýmissa laga.

Frumvarpið felur í sér aukið frelsi í innflutningi matvara og fagna samtökin þeirri stefnubreytingu. Þá telja samtökin það til verulegra bóta að skýrari ákvæði verði sett í lög hvað viðkemur úrræðum stjórnvalda þegar eitthvað bregður útaf í starfsemi matvælafyrirtækja. Er það öllum í hag að slíkar reglur séu skýrar og gagnsæjar. Þá fagna samtökin að sú meginregla verði lögfest að matvælaeftirlit verði byggt á áhættugreiningu og að áhættumat verði unnið á hlutlausan og gagnæjan hátt á grundvelli vísindalegra upplýsinga og gagna. Slíkt tryggir að borið sé niður í eftirliti þar sem þörfin er mest en ekki þar sem auðveldast er að koma því við.

Samtökin gjald hins vegar varhug við því að innleiða í lög þá skyldu á heilbrigðiseftirlitið að hafa eftirlit með fæðubótarefnum sem innihalda lyf og lyfjavirk efni. Að mati samtakanna og með vísan til 5. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 eru slíkar vörur lyf og undir eftirliti Lyfjastofnunar. Það er ekki til bóta að þvæla málum með þeim hætti að í fyrsta lagi sé um að ræða matvæli sem Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit hefur eftirlit með. Í öðru lagi séu svo lyf sem Lyfjastofnun hefur eftirlit með og í þriðja lagi séu svo vörur sem er matvæli en innihalda lyf eða lyfjavirkefni (sem hvergi er skilgreint í lögum) og sæta eftirliti heilbrigðiseftirlits í samráði við Lyfjastofnun. Byggt hefur verið á því að annað hvort séu vörur matvæli eða lyf og að Lyfjastofnun skeri úr um hvort heldur er. Ákvæði 8. gr. frumvarpsins er að mati samtakanna til þess fallið að skapa vandkvæði í eftirliti heilbrigðiseftirlitsins með matvælum.

Virðingarfyllst,

  
Sigurður Örn Guðleifsson, hdl.